

Nýtt verklag í velferðarráðuneyti. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF).

Tímamót í velferðarþjónustu.
7.-8. nóvember 2018.

Sigríður Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



GEF. Bakgrunnur og forsaga

- Tillögum skilað í maí 2016 um að stofna stjórn-sýslu- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.
 - Eftirlit með félagsþjónustu og barnavernd ábótavant.
 - Mikil þörf á gæðaviðmiðum og eftirliti sem byggðist á þeim.
- Mikilvægt að skilja milli stjórn-sýslu og eftirlits og framkvæmdar þjónustu.
 - Tveir valkostir -sjálfstæð stofnun -ráðuneytisstofnun.
- Heimild til að starfrækja ráðuneytisstofnanir. Ráðherra félags- og jafnréttismála hefur undirbúning að ráðuneytisstofnun vorið 2017. Byggir á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, með breytingu árið 2015.
- Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2010 -þörf á mótun gæðaviðmiða til að tryggja faglega og samræmda þjónustu, samræmdar verklagsreglur og reglubundna öflun upplýsinga um faglegt starf þjónustuaðila.
- Yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 2011.
- Ítrekuð fjölmiðlaumræða á 10. áratugnum, Byrgið, Breiðavík og atvik á meðferðarheimilum barna.



GEF. Verkefni

- » Stjórnsýsluverkefni og eftirlit á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, opinberra stofnana, á grundvelli samninga við einkaaðila, auk afmarkaðs eftirlits á sviði barnaverndar. Byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- » Þróun og gerð gæðaviðmið, kröfulýsingar og árangursmælikvarðar.
- » Endurgreiðslur til annarra stjórnvalda á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlaga.
- » Veiting starfsleyfa skv. reglugerðum með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- » Eftirlit sem felst í móttöku ábendinga um misbrest í þjónustu eða stjórnsýslu, úttektum, útgáfu og miðlun niðurstaðna og eftirfylgd.
- » Upplýsinga- og gagnaöflun.
- » Réttindagæsla fatlaðs fólks.
- » Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk.



GEF. Markmið og fyrstu skref.

Að efla og bæta gæði og öryggi þjónustu sem lögum samkvæmt fellur undir GEF og auka jafnræði í þjónustu við íbúa óháð búsetu.

Móta verklagsreglur og verkferla nýrrar stofnunar.

Skilgreina og formgera snertifleti GEF við ráðuneytið og aðra samstarfsaðila

Kynningar- og samráðsfundir með lykilsamstarfsaðilum.

Erlent samstarf. Nýta þekkingu og reynslu á norðurlöndunum og í Evrópu til þess að flýta þróun og byggja á gagnreyndum fyrirmyndum.



GEF. Mikilvægir þættir og spurningar

- Á mótunarárunum er mikilvægt að gott samstarf og andrúmsloft myndist milli gæða- og eftirlitsstofnunar og helstu samstarfsaðila/viðskiptavina hennar.
- Skýr sýn á hvað skuli einkenna faglegt starf og gæði í starfseminni, svo að útfærsla einstakra starfsþátta styðji við markmið starfseminnar.
- Samstarf við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir og hlutaðeigandi aðila eftir því sem við á, hvort heldur sem er við þróun stjórnsýsluverkefna eða eftirlitsverkefna.
- Eftirlit byggi á grunni gagnkvæms trausts milli aðila.
- Gæðaviðmið gagnast jafnt notendum þjónustu, þjónustuveitendum og eftirlitsaðilum.
- Traust, þekking, fagmennska, skilvirkni, áreiðanleiki, framsýni og réttisýni og að mæta þörfum.
 - Er þjónustan örugg, skilvirk, veitt af alúð, vel stjórnað, svarar þörfum fólks?



Upplýsingar um hlutverk GEF, verkefni,
starfsfólk o.fl. er að finna á:

www.gef.is

Vinsamlegast kynnið fyrir sem flestum.
Takk fyrir.

